

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Hrísey

„Stuðningur Byggðastofnunar hefur reynst ómetanlegur við uppbyggingu og rekstur fyrirtækisins.

Samningur Byggðastofnunar og Hrísey Seafood, um úthlutun aflamarks úr byggðakvóta til 6 ára er ein af grundvallarforsendum þess að hægt sé að halda uppi starfsemi í eyinni. Úthlutun til lengri tíma í senn, gefur betri færi á að byggja upp og þróa fyrirtækið áfram.

Starfsemi Hrísey Seafood, er mikilvæg stoð í samfélagi eyjarinnar. Bátar fyrirtækisins landa á staðnum og skapa þannig tekjur fyrir höfnina. Flutningar fyrirtækisins með ferjunum, bæði á fólki, aðföngum og afurðum er lykilþáttur í að hægt er að halda úti öflugum ferjusamgöngum. Sem stærsti vinnustaður eyjarinnar, er augljóst hve mikið liggur við að það sé í stöðugum og góðum rekstri sem skilar sér í sterkari innviðum samfélagsins.

Við vonumst til að njóta áfram góðrar samvinnu við stofnunina, til að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og byggðafestu í Hrísey.“

Telma Róbertsdóttir framkvæmdastjóri Hrísey Seafood ehf.